

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
19 JAN. 2009 54.71	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. janúar 2009
Tilvísun: UST20081100083/ksj

Rannsóknarboranir á Þeistareykjum, Þingeyjarsveit

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 20. desember 2008 þar sem óskað er umsagnar um tillögu að matsáætlun vegna borana allt að fjögurra rannsóknarhola á Þeistareykjum, Þingeyjarsveit.

Í inngangi að tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar kemur fram að Þeistareykir ehf. áforma að bora allt að fjórar rannsóknaholur á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit. Ein af borholunum verður boruð út frá fyrirliggjandi borteig, en fyrir hinar borholurnar eru til skoðunar fimm mismunandi kostir fyrir staðsetningu borteiga. Í umfjöllun um aðdraganda kemur fram að stærð virkjunar hafi ekki verið ákveðin. Í umfjöllun um markmið framkvæmdar kemur fram að markmið með rannsóknarborunum og virkjunum á NA –landi er að kanna hagkvæmni þess að framleiða 400 MW_e af rafmagni fyrir álver á Bakka við Húsavík eða aðra orkukaupendur.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að matsáætlun

Markmið framkvæmdar

Í kaflanum um markmið rannsóknarborana kemur fram að: „*Rannsóknarboranir gefa mikilvægar upplýsingar um jarðhitasvæði, sem nýtast við mat á umhverfisáhrifum jarðhitavirkjana.*“ Umhverfisstofnun telur að á grunni þessara mikilvægu upplýsinga þurfi að koma fram í matsskýrslu áætlun eða spá um sjálfbærni háhitanýtingar á Þeistareykjasvæðinu.

Borun rannsóknahola og borteigar

Eins og fram hefur komið hér að framan stendur til að bora allt að fjórar nýjar rannsóknarholur. Einnig hefur komið fram að ein borholan verður boruð út frá fyrirliggjandi borteig en síðan er áformað að bora þrjár holur til viðbótar sem verða boraðar frá einhverjum af fimm mismunandi uppgefnum staðsetningum. Umhverfisstofnun telur að tillögur um borteiga G-5 og G-6 þrengi að miðju verndarsvæðis að Þeistareykjum. Með borteig alveg við mörk verndaðra svæða eru möguleikar til útivistar á þeim svæðum takmarkaðir og þrengt er að náttúruverndarsvæðunum. Umhverfisstofnun bendir á að frátekin svæði vegna náttúruvinnja eru smá og staðsett innan orkuvinnslusvæða. Umhverfisstofnun bendir einnig á

að stutt er á milli staðsetninga borteiga er kallast G-3, G-5, G-6 og G-1 og því ætti að fjalla um kosti þess að sameina rannsóknarboranir og fækka þar með borteigum á framangreindu svæði. Umhverfisstofnun telur að kanna eigi hvort hægt sé sé að falla frá notkun borteigar G-5 sökum framangreindra athugasemda.

Áætlun um mat á umhverfisáhrifum

Í almenna kaflanum um áætlun um mat á umhverfisáhrifum er eftirfarandi fullyrðing:
„Rannsóknarboranir vegna fyrirhugaðrar Þeistareykjavirkjunar hafa staðið yfir frá árinu 2002. Boraðar hafa verið sex holur, sú síðasta sumarið 2008. Sami háttur hefur verið hafður á við borun rannsóknahola á Þeistareykjasvæðinu og ekki orðið vart umtalsverðra umhverfisáhrifa vegna borana þar.“ Umhverfisstofnun telur að skýra þurfi þessa fullyrðingu nánar. Í sama kafla er fullyrt að ekki þurfi að meta áhrif fyrirhugaðra rannsóknaborana á loftgæði, þar sem að um umfangslitla losun jarðhitaloftegunda verði að ræða og það í takmarkaðan tíma. Umhverfisstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að koma fram magn jarðhitaloftegunda sem verða losaðar við rannsóknarboranir. Umhverfisstofnun telur að fjalla eigi um áhrif útblásturs, þar með talin áhrif brennisteinsvetnis og hvort ástæður séu til vöktunar.

Landslag

Í umfjöllun um landslag er fullyrt að fyrirhugaðir borteigar á Þeistareykjum muni hafa áhrif á ásýnd svæðisins á tiltölulega afmörkuðu svæði, hver á sínum stað. Umhverfisstofnun telur ótímabært að koma með slíkar fullyrðingar. Staðsetning borhola beggja vegna hverasvæðisins sem er á náttúruminjasrá og er hverfisverndað hefur mikil áhrif á ásýnd þess. Ljóst er að þegar fleiri borteigar bætast inn á svo mikilvægt náttúruminjasvæði, verða sammögnunaráhrif sem stuðla að neikvæðum áhrifum á upplifun svæðisins. Umhverfisstofnun telur afar mikilvægt að hugað sé að því að borteigar verði látnir liggja lágt í landi til að draga úr sjónrænum áhrifum, og verði sem fæstir.

Jarðmyndanir

Í kaflanum um jarðmyndanir er fjallað um þau hraun sem framkvæmdaraðili telur falla undir 37. grein laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Umhverfisstofnun óskaði eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands á verndargildi jarðmyndanana á fyrirhuguðum borsvæðum á Þeistareykjum. Náttúrufræðistofnun Íslands gerir eftirfarandi athugasemdir við umfjöllun um jarðmyndanir í tillögu að matsáætlun rannsóknaborana á Þeistareykjum: (Sjá fylgiskjal.)
„Þá vill Náttúrufræðistofnun Íslands benda á eftirfarandi: Í kafla 2.2 JARÐFRÆÐI í tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram að öll hraunin á Þeistareykjum og í nágrenni, að Þeistareykjahrauni undanskildu, séu frá lokum ísaldar eða frá tímabilinu fyrir 14.000 árum þar til fyrir 10.000 árum. Þeistareykjahraunið er talið um 2500 ára gamalt. Í kafla 5.4.3 JARÐMYNDANIR segir ennfremur: „Á Þeistareykjum er að finna jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Um er að ræða nútímahraun og svæði þar sem yfirborðsvirkni er þekkt.“ Náttúrufræðistofnun Íslands gerir alvarlegar athugasemdir við þessa túlkun á 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Hvergi í lögnum, né heldur í athugasemdum sem fylgdu frumvarpinu þegar það var lagt fram á Alþingi, kemur fram að þau eldhraun sem njóti verndar skv. 37. gr. laganna skuli hafa runnið á nútíma, þ.e. á síðustu 10.000 – 11.000 árum. Náttúrufræðistofnun lítur svo á að með orðinu eldhraun sé átt við þau hraun sem runnið hafa eftir að jöklar hurfu af landinu í ísaldarlok. Engin skynsamleg rök eru fyrir því að draga einhver skil við ákveðin tímamörk á borð við upphaf nútíma. Hér er um að ræða almenna reglu sem gildir um viðkomandi hraun og allt sem því tilheyrir s.s. gíga, hrauntraðir, hella o.s.frv. Eðlilegt er síðan að meta eftir atvikum hvernig unnt er að vernda einstök hraun og hraunasvæði eftir því sem við á.“

Umhverfisstofnun tekur undir álit Náttúrufræðistofnunar Íslands og bendir á mikilvægi þess að hrauni og jarðmyndunum verði raskað eins lítið og kostur er við framkvæmdir á Þeistareykjasvæðinu.


Efnistaka

Ekki hefur tekist til við efnisnám í námu 1 eins og til var ætlast. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað verði í matsskýrslu um frágang námunnar þar sem ekki er gert ráð fyrir efnistöku úr henni í tillögu að matsáætlun.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri